



Vestfirðir ágúst 1983. Eftirlit mælistöðva

Friðrik Þ. Adamsson, Rannveig Rist

Greinargerð FA-RRist-83/08

VESTFIRDIR

ágúst 1983

- Verkefni ferðar:
- 1) Eftirlit mælistöðva
 - 2) Framkvæma mælingu og úrvinnslu í samvinnu við Skúla Skúlason, Orkubúi Vestfjarða.
 - 3) Undirbúningur að vetrarmælingum framtíðaráform og skipulag mælinga

Dátttakendur: FA/RR (undirrituð)

Farartæki: GMC R-3937

vhm 204 Vatnsdalsá: Komið inná svæðið 10/8. '83. Rætt við Ingva Haraldsson. Aðalerfiðleikar stöðvarinnar eru truflanir af ísi á vetrum, þurfa því að fara fram rennslismælingar á vetrum. Ingvi og Skúli gera sér fulla grein fyrir ísnum, engin ástæða að ræða það frekar hér. Þak málað, síriti í góðu lagi, 10/8. '83 kl. 12.00 var vatnshæð 193, þ.e. $Q = 25,6 \text{ m}^3/\text{sek}$ skv. lykli.

vhm 126 Suðurfossá: Þeir Skúlarnir, Skúlason og Hjartarson, voru búnir að gera aðvart um bilun stöðvarinnar, tókum við því sement á Patreksfirði og gerðum við stíflugarösendann með hleðslu og steypu. Skúli Skúlason ætlar að fá traktor til að moka betur að veggnum. Jafnframt þyrfti að fá gröfu til þess að moka möl og stórgrýti sem hlaðist hefur ofan við stífluvegg og veldur truflun á mælingu. Stöðin er rétt við litla vatnshæð að vetri til en sem yfirfallsstöð er hún ekki rétt við háa vatnsstöðu. Herslumuninn vantar á að stöðin sé í góðu lagi. Rennslismælt, $Q = 1,4 \text{ m}^3/\text{sek}$.

vhm 104 Dynjandi, Litla Eyjavatn: Þar voru hillur og mælitæki rétt af í húsinu og fast merki mælt inn við kvarða. 0-punktur 436 cm undir FMV104. Til öryggis var steypu rennt niður með fastamerkinu og að því, það er stór bolti um 50 m SV af sírita.

VESTFIRDIR

vhm 19 Dynjandi; Fjallfoss: Þótt mælistíflan við Fjallfoss sé 40 ára er ekki farið að brotna úr henni. Mælipró hreinsuð og samband gott. Samanburður gerður við stöðina og kvarðann niður við brú. Hjá kvarðanum við brúna væri æskilegt að koma fyrir sírita. Miklar ístruflanir eru stöðugt á vetrum við mælistífluna og bagalegt er að áin er þar í tveimur kvíslum.

10/8.'83 kl.18.30 Ál á sér vhm 104 L-Eyjavatn 175

kl.18.45 Ál á FMRM215 Kálfeyrabrú 215-29=186

kl.19.00 Ál á kvarða, brú við sjó 153

vhm 135 Stóra-Eyjavatn: Skúli og Guðmundur munu fara þangað með olíu í mælinn.

vhm 18 Mjólká, Rafstöð: Gert var við mælistífluna 1982. Framkvæmdir annaðist Páll G. á Patreksfirði fyrir Orkubúið en OS borgaði, jafnframt var ætlast til að Orkubúið sæi um frekara viðhald (skv. S. Rist). Nú hefur Skúli haft áhyggjur útaf steypuskemmdum í stíflunni og ekki var gert við það meðan áin var vatnslítill. Vatn rennur um rifu undir þröskuldsjárníð (yfirfallið) og steypan molnar þar. Vatnshæðarmæling gefur því ekki réttar niðurstöður. Skúli reyndi að gera við þetta s.l. haust, en telur steypuna ónýta. Haft var samband við S. Rist og ákveðið að taka síritann úr mælistöðinni.

vhm 173 Mjólká, Langavatn: Þar eru tveir vatnshæðarmælir OS og Orkubús. Hvorugur þeirra var í gangi. Ákveðið var að taka Leupold Stevens mæli Vatnamælinga og var það gert eftir samtali við S.Rist. Húsið var skilið eftir til að Orkubúið gæti haft það fyrir sinn mæli.

vhm 202 Skötufjarðará, Kleifaós: Er (R. Rist) kom að ánni s.l. sumar (1982) var hún búin að grafa úr hleðslunni. Skúli tók að sér að gera við það þá um haustið. Það hefur hann gert. Verkið er vel unnið og traust. Mælistöðin var nú mæld inn við FM og stillt af. Rennslismæling var gerð, $Q = 11,5 \text{ m}^3/\text{sek}$. Mælingar gerðar með tveimur mælum: nr. 16 skóflumælir Skúla og nr. 10 skrufumælir (FA) og

bar þeim vel saman. Ráðandi þversnið árinna (control) er ótraust og þarf því að mæla ána tvisvar til þrisvar sinnum á ári við mismunandi vatnshæðir.

vhm 199 Hundsá, Skötufj.: Stöðin í góðu lagi álestrar teknir við Rjúkanda og borið saman.

vhm 199 ál 157 Rjúkandi 102

(vhm 63) Húsadalsá, Mjóafirði; Húsadal: Álestur á nagla í klapparsprungu 200-73 = 127.

vhm 38 Þverá Nauteyri: Samband lagað. Grófri möl mokað frá. Skipt um vír. Gæslumaðurinn Ólafur Þórðarson á Rauðamýri hefur í huga að hætta búskap en mun þó annast gæslu stöðvarinnar næsta vetur á móti Skúla.

Skúli var með okkur nær allan tímann, samstarf við hann er gott.

Reykjavík, 19. ágúst 1983

Friðrikur Halvarsson

Rannveig Rist